

um stöðlun fiskiskipa.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Jón Ármann Héðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram nákvæma rannsókn á því, hvort ekki sé hagsamt að láta staðla veiðiskip landsmanna í ákveðnar stærðir og gerðir, svo að þau verði ódýrari í smíðum fyrir innlendar skipasmíðastöðvar.

Jafnframt væntir Alþingi þess, að einskis verði látið ófreistað til að auðvelda þegar reistum skipasmíðastöðvum samkeppni um smíði veiðiskipa landsmanna við erlendar skipasmíðastöðvar, svo að ekki komi til verkefnaskorts hjá þeim. M. a. verði athugað, hvort ekki sé hagfellt fyrir þjóðarbúið að hækka enn stofnlán til veiðiskipa, sem smíðuð eru innanlands, og auka þannig enn mun á lánnum á skip smíðuð hérlendis og erlendis.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á síðustu árum hafa risið upp hér á landi stálskipasmíðastöðvar, sem vel hafa verið gerðar úr garði og reynzt samkeppnisfærar um smíðagæði við erlendar skipasmíðastöðvar, sem útvegsmenn okkar hafa aðallega skipt við undanfarin ár. Hið opinbera, ríkisvald og bankar, hefur stuðlað að uppbyggingu þessara skipasmíðastöðva, enda ekki vansalaust jafnmikilli fiskveiðipjóð og Íslendingar eru að smíða ekki sjálfir veiðiskip sín að meginhluta. Þar sem skipasmíðastöðvar okkar eru enn lítt tækni- og iðnjálfaðar, svo nýjar sem þær eru, og nú hefur bætzt við, að útvegsmenn láta sér hægt um öflun nýrra skipa vegna erfiðleika í útgerðinni, hafa þær ekki reynzt samkeppnisfærar í harðnandi baráttu um fækkandi pantanir í smíði skipa við erlendar skipasmíðastöðvar og horfa því fram á algert verkefnaleysi, ef ekki er brugðið við til úrbóta og það tafarlaust.

Trúlega gæti hið opinbera hjálpað innlendum skipasmíðastöðvum til að lækka skipasmíðakostnað sinn verulega, ef það hefði hönd í bagga með stærð og gerð við smíði skipa, þannig að stöðlun mætti koma við. Virðist það og óeðlilegt, svo mikla fyrirgreiðslu sem hið opinbera veitir þeim, er ný skip fá smíðuð, að þeir geti valið sér hver og einn aðhaldslaust skipsgerð að eigin geðþótta, svo að varla nokkur tvö skip séu smíðuð eins. Hlýtur slíkt að hækka smíðakostnað verulega.

Varðandi síðara atriðið — að auka lánsbilið milli skipa smíðaðra innanlands og utan, innlendu smíðinni í hag — skal bent á, að það virðist fráleit stefna að eyða fyrst stórfé til að koma skipasmíðaiðnaði á fót í landinu, en gera síðan ekkert til að auðvelda honum fyrstu og erfiðustu sporin. Verður og að minna á, að það getur aldrei orðið nema tímaspursmál hjá fiskveiðipjóð sem oss, að endurnýja þurfi mörg skip í veiðiflotanum, og þá skynsamlegt að greiða úr tímabundnum verkefnaskorti með aukinni fyrirgreiðslu við skipasmíðastöðvar og skipakaupendur, svo að eftirspurnin jafnist meira og atvinna, sem skipasmíðin skapar, verði jafnari og stöðugri. Þarf ekki að benda á, hve slíkt er nauðsynlegt atvinnulífi á þeim stöðum, þar sem skipasmíðin er.